

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Umhverfissvið Kópavogs

Garðabær, 3. júní 2021
Tilvísun: K-16937

Varðar: Deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áfanga

Með erindi dags. 26. apríl 2021 óskar skrifstofa skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar eftir umsögn heilbrigðisnefndar um skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar. Boðuð framkvæmd er innan lögsögu bæði Kópavogs og Reykjavíkur sem hafa ásamt Vegagerð ríkisins unnið saman tillögu að breytingu á eldra skipulagi. Á árinu 2020 veitti heilbrigðisnefnd umsögn til Skipulagsstofnunnar þar sem fram kom að nefndin taldi ekki þörf á að boðuð breyting á deiliskipulagi þyrfti að fara í umhverfismat.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags. Nefndin vill þó árétta að við hönnun og gerð þarf að huga sem best að öllum hljóðvörnum til að lágmarka hávaða í umhverfi vegar og brúar ásamt því að huga sem best að öryggi vegfarenda. Jafnframt vekur nefndin athygli á nauðsyn þess að þveranir milli hverfa séu skipulagðar til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og m.a. hafa í huga nýtt hverfi sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði

Hörður Þorsteinsson

